

## Mál nr. 71/2021

M og  
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**Ágreiningur um hvort tjón verði rakið til notkunar bifreiðar.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 18.02.2020, ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V, dags. 25.02.2021 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.03.2021.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 6. nóvember 2018 hafi M, við störf sín hjá X, orðið fyrir slysi. Hafi slysið atvikast þannig að til stóð að hífa stórt grjót upp á vörubílspall A, sem er í eigu Y, með krana sem er á bifreiðinni. Keðja hafi verið sett utan um grjótið og hafi hún losnað af steininum við hífinguna og slegist í M. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V með vísan til þess að slysið hefði átt sér stað við fermingu A, með krana sem áfastur sé A og gangi fyrir aflvél hennar. Því væri tjón hans að rekja til notkunar bifreiðarinnar A. Því hafi verið hafnað. Fyrir nefndinni byggir M á því að hífa hafi átt steininn upp á pall A, sem sé ferming bifreiðar. Til að koma steininum á pallinn hafi þurft að koma öðrum steini undir hann, svo hægt væri að koma keðjunni betur fyrir og hafi steininn því verið hífður upp svo minni steinn kæmist undir hann. Þá hafi keðjan losnað og slegist í M. Hafi ferming því staðið yfir þegar slys M átti sér stað og A í eðlilegri og venjubundinni notkun sem kranabifreið og megi því rekja tjón hans til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í lögregluskýrslu sé ekki haft eftir vitnum að þeir hafi verið að hífa grjótið upp á vörubílspallinn, heldur einungis að þeir hafi verið að hífa upp grjót með kranabifreið og keðju. Tjónið hafi hlotist af krana sem sé áfastur við vörubíl, áður en eiginleg ferming hófst og falli slíkt ekki undir notkunarhugtak 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Samkvæmt atvikalýsingu sem komi fram í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 26. mars 2019, en félagið telji rétt að byggja á henni, komi fram að hífa hafi átt stóra steininn aðeins frá jörðu til að koma öðrum minni undir hann svo keðjan kæmist undir þann stærra og hægt væri að hífa hann upp á pallinn. M hafi snúið baki í stóra steininn og verið að beygja sig eftir þeim minni til að koma honum undir stærra steininn þegar keðjan sem var aðeins að litlu leyti komin undir stóra steininn hrökk til og lenti á M. Ekki hafi verið ætlunin að setja minni steininn í keðju eða upp á pall bifreiðarinnar. Í þessari lyftu hafi ekki falist eiginleg ferming, heldur hafi ætlunin verið sú að slaka stærra steininum aftur niður á þann minni svo hægt væri að hagræða keðjunni áður en honum væri lyft á pallinn. Síðari lyftan hefði því verið liður í eiginlegri fermingu bifreiðarinnar en ekki sú fyrri, sem leiddi til slyss M. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að líta verði heildstætt á málsatvik. Verkefnið sem M hafi slasast við að inna af hendi hafi verið að koma keðjum undir steininn svo hægt væri að hífa hann á pall A. Hafi það verið liður í fermingu A og tjón M þar af leiðandi bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

**Álit.**

Ágreiningur aðila snýr að því hvort tjón M sé að rekja til notkunar skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga, sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þess. Í þeirri atvikalýsingu sem fram kemur í fyrirbyggjandi umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að hífa hafi átt stóra steininn aðeins upp frá jörðu til að koma öðrum minni undir hann svo keðjan kæmist betur undir þann stærra og hægt væri að hífa hann upp á pallinn. Þessi lýsing er sambærileg þeirri sem fram kemur í málskoti, þ.e. að hífa hafi átt stóra steininn aðeins upp frá jörðu til að koma öðrum minni steini undir hann svo hægt væri að hagræða keðjunni og hífa stærra steininn upp á pallinn. Verður að telja, sbr. og dóm Hæstaréttar 1998:3378 sem V vísar til í málalíbúnað sínum, að slys M hafi því átt sér stað við tilfæringu á steininum en ekki eiginlega fermingu hans á pall bifreiðarinnar. Hafi atvikið því átt sér stað áður en hin eiginlega ferming hófst og verði ekki fellt undir sérreglu 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Samkvæmt framansögðu er því ekki unnt að líta svo á að tjón M verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hennar því ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.